NÁMSGREIN: HÖNNUN OG SMÍÐI
KENNSLUYFIRLIT – 6.BEKKUR

Markmið: Í námsgreininni hönnun og smíði öðlast nemandinn færni í að nota margskonar efnivið og eykur færni sína og kunnáttu til þess að hanna og búa til hluti. Hönnun felur í sér að einstaklingur mótar og ákveður útlit og uppbyggingu hlutar á eigin hátt. Við hönnun á sér stað mat innra með einstaklingnum sem þroskar tilfinningu hans fyrir gildi hluta og umhverfis. Smíðin þroskar hins vegar verkfærni og verkkunnáttu og gerir nemandann sjálfstæðan í verki. Nemandinn öðlast þannig skilning á hvernig verk eru brotin upp í verkþætti sem er undirstaða verkskilnings, skipulags og verkaskiptingar. Hönnun og smíði sameinar hug og hönd, hugsun og framkvæmd og veitir því tækifæri til að þroska frumkvæði og sköpunarmátt nemandans á meðvitaðan og markvissan hátt.
Námsgögn: Verkefni frá kennara, Bækur um hönnun og smíði, Verkfæri og smíðaefni sem nemandinn notar í smíðastofunni.
Kennsluhættir: Sýnikennsla, innlagnir, hugmyndavinna, verklegar æfingar, sköpun, samvinnunám.
Lykilhæfni: Leitast er við að hafa hina sex grunnþætti menntunar að leiðarljósi. Þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, sköpun, heilbrigði og velferð, sjálfbærni og jafnrétti. Einnig er reynt að styðja við menntagildi lykilhæfni sem felst meðal annars í að styðja við sjálfsvitund og samskiptahæfni nemandans.

Lögð er áhersla á eftirfarandi lykilhæfni.

- Að geti tjáð hugsanir sínar, skoðanir og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Að geti spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistök og úrlausn verkefna.
- Að geti vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt.
- Að geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína.
- Að geti tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt.
- Að geti sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim.

Hæfniviðmið / matsviðmið:
Til hliðsjónar og viðmiðunar er farið eftir þeim hæfniþáttum sem skilgreindir eru fyrir námssvið list- og verkgreina í heild og hæfniþáttum eins og þeir eru skilgreindir sérstaklega fyrir hönnun og smíði.
Áhersla er lögð á að nemandi öðlist þá hæfni sem tilgreind er í töflunni hér fyrir neðan.

Tímabil	Námsþættir	Leiðir	Hæfniviðmið	Námsmat	Námsorðaforði
Þrískipt lotukerfi. Nemandi mætir einu sinni í viku tvær kennslustundir í senn yfir þriðjung vetrar í um það bil 11 skipti.	Handverk, hönnun og tækni með umhverfið í huga þar sem reynir á útfærslu og gerð nokkurra verkefna í hönnun og smíði. Verkefni Mappa og hugmyndabók Bakki A-4 box Úthoggin tréskál Trjágreinaskúlptúr Brauðbretti/osta-bakki Pönnuspaði Plastlyklakippa/ hálsmen (borað og litað) Skóhorn (plast/tré) Frjálst val, leitast er við að koma til móts við óskir og hugmyndir nemenda eftir því sem hægt er.	Sýni-kennsla Innlagnir Hugmynda vinna verklegar æfingar sköpun samvinnu-nám	• Þekkir ýmis verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaefna og getur útskýrt virkni þeirra. • Sýnir frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. • Getur útskýrt réttar vinnustellingar, valið viðeigandi hlífðarbúnað og gerir sér grein fyrir samhengi góðrar umgengni og öryggisþátta. • Þekkir algengustu smíðaefni og getur útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra. • Framkvæmir algengustu aðgerðir festinga og útskýrir notkun þeirra. • Getur útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu. • Getur lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð. • Greinir þarfir í umhverfi sínu og getur rætt mögulegar lausnir.	Frammistaða við gerð verkefna Frammistaða í kennslustundum Sjálfsmat Í lok námslotu er frammistaða nemanda metin út frá þeim hæfni-viðmiðum sem valin hafa verið fyrir námslotuna.	Nafnorð Hefilbekkur, hefill, laufsög, sagarklauf, þvinga, sandpappír, þjöl, raspur, bor, borvél, töng, nagli, skrúfa, málstokkur, málband, naglbítur, vinkill, brennipenni, hamar, skerstokkur, sporjárn, holjárn, kjulla, hringfari, alur / sill, fura, krossviður, spónaplata, Sagnir Að saga, að hefla, að pússa, að þjala, að raspa, að þvinga, að hefla, að bora að negla, að skrúfa, að mæla,